landhelginnar á milli 12 og 50 mílna, enda fylgi þau í hvívetna íslenzkum lögum og sömu reglum varðandi veiðarnar og gilda fyrir íslenzk skip við sams konar veiðar.

Samkomulag þetta skal gilda þar til annað verður ákveðið af Íslands hálfu.

Einar Ágústsson.

Hr. lögmaður
Atli P. Dam,
Landsstjórn Færeyja.

Brandur Sigmundarson. Magnus Heinason. Skálaberg. Sjúrðarberg. Kap Farvel. Ólafur Helgi. Leivur Össursson. Vágbingur. Hegvan Elias Thomsen.

20. september 1972. Nr. 19.

AUGLÝSING

um gildistöku viðskiptasamnings við Rúmeníu.

Viðskiptasamningur við Rúmeníu, sem undirritaður var hinn 16. júní 1972 (sbr. Stjórnartíðindi C-10/1972), gekk í gildi hinn 6. september 1972.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. september 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

26. október 1972. Nr. 20.

AUGLÝSING

um breytingar á alþjóðasamningi um auðveldun flutninga á sjó 1969.

Hinn 21. október 1972 var aðalritara Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar tilkynnt staðfesting Íslands á breytingum á fylgiskjali við alþjóðasamning um auðveldun flutninga á sjó. Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. október 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.